

94

30. júní

AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglu-
samþykkt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 153 12. sept. 1941.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 frá 1919, lög nr. 88 frá 1938 og lög nr. 111 frá 1940, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Seyðisfjarðar-
kaupstað.

1. gr.

Aftan við 3. málsgrein 41. greinar komi ný málsgrein, er hljóði svo:

Komi sauðfé á almannafæri, sbr. 1. gr., eða inn á ræktunarlönd einstaklinga í bænum á tímabilinu frá 20. júní til 20. september, lætur lögreglustjóri handsama gripina, skoða nákvæmlega fjármark og önnur augljós einkenni á þeim og auðkenna þá haldgóðu merki. Skal eigendum síðan gefinn kostur á að vitja þeirra. Komi sömu skepnur aftur á almannafæri eða ræktunarlönd samsumars, skal lög-
reglustjóri sjá svo um, að þeim verði lógað í næstu sláturtíð.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 30. júní 1954.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

95

30. júní

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Rafveitusjóð Eyjafjarðarsýslu, nr. 192 24. nóv. 1949.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu ríkisins, sem fyrir er, eða fá tengt hús, sem er grunnjaldsskyld (sbr. 5. gr.), skal hafa greitt heimtaugagjald í rafveitusjóð áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð eða áður en hús er tengt, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess og má þá krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugagjalds ákveðst samkvæmt fyrirætlum 5. greinar.

Af nýjum húsum eða viðbótarbyggingum, sem ekki eru grunnjaldsskyld (úti-
hús, geymsluhús o. þ. h.), er heimtaugagjald hundradshluti af fasteignamatsverði samkv. 5. grein og fellur í gjalddaga, þegar er húsin eru tekin í notkun.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar og þ. k. fer eftir nánari ákvæð-
um í reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins.